

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

FORSETA BRÉF

um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 28. júní 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem almennar kosningar til Alþingis hafi síðast farið fram 23. og 24. október 1949 og umboð þingmanna falli því eigi niður, án þingrofs, fyrr en á hausti komanda, er fjögur ár eru liðin frá kjördegi 1949, en hins vegar svo til ætlast í lögum nr. 80/1942, að almennar, reglulegar alþingiskosningar fari fram síðasta sunnudag í júnímánuði, beri nauðsyn til að rjúfa Alþingi.

Því mæli ég svo fyrir, að Alþingi er rofið frá og með 28. júní 1953. Jafnframt ákveð ég, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram þann dag, sunnudaginn 28. júní 1953.

Gjört í Reykjavík, 4. dag maímánaðar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.